

Fimmtudaginn 13. apríl 1961.

Nr. 63/1961. **Ásgeir Þorleifsson**
 gegn
Ástriði Stefánsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Kærð er dómsákvörðun Þorsteins S. Thorarensen, fulltrúa borgarfógeta í Reykjavík.

Með úrskurði fógætadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 12. ágúst 1960, var ákveðið, að varnaraðili skyldi að kröfu sóknaraðilja og á hans ábyrgð borin út úr húsnæði því, sem hún hefur búið í, Bragagötu 29 A, Reykjavík, ásamt öllum munum sínum og fólki því, er leiða kunni dvöl sína í húsinu frá hennar rétti.

Fógeti hefur eigi talið sér unnt að verða við kröfum sóknaraðilja um að fullnægja úrskurði þessum og hefur lýst því síðast á dómþingi 13. marz 1961, „að hann myndi ekki að svo stöddu framfylgja úrskurði í máli þessu um útburð á gerðarpola, fyrr en hún hafi húsnæði í að fara, sem að áliti borgarlæknis metist hæft til íbúðar fyrir hana og börn hennar“. Þessa ákvörðun fógeta hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar 18. marz 1961, og barst Hæstarétti kæran 24. s. m. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma án tafar úrskurð sinn frá 12. ágúst 1960 um útburð varnaraðilja og að henni verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti eigi borizt neinar kröfur né greinargerð.

Umboðsmanni sóknaraðilja var rétt, er hann vildi eigi hlita ákvörðun fógeta á dómþingi 13. marz 1961, að krefjast formlegs úrskurðar fógeta um framgang útburðargerðarinnar og áfrýja síðan úrskurðinum samkvæmt 4. tl. 198. gr. laga nr. 85/1936, ef úrskurðurinn gekk á móti honum. Hinni óformlegu yfirlýsingu fógeta mátti sóknaraðili því

aðeins skjóta til Hæstaréttar samkvæmt 4. tl. 34. gr. sömu laga, að fógæti hefði neitað að kveða upp formlegan úrskurð, en eigi er ástæða til að ætla, að til slíkrar réttarneitunar af hendi fógæta hefði komið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er málsskotið löglaut, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kröfur hafa eigi borizt frá varnaraðilja, og fellur málskostnaður því niður.

Dómsorð:

Máli þessu visast frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. apríl 1961.

Nr. 67/1961. **Kjötiðjan h/f**

gegn

**Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni f. h.
Fæðis kaupendafélags Hafnarfjarðar.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Eliás I. Eliasson fulltrúi hefur sem setubæjarfógeti í Hafnarfirði kveðið upp hinn kærða dóm.

Með kæru 28. marz 1961, sem Hæstarétti barst 5. apríl s. á., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Hafnarfjarðar, uppkveðnum 17. marz 1961, þar sem vísað er frá dómi máli sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, aðallega að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, en til vara, að málskostnaður í héraði verði niður felldur, og loks að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði dómur verði